

1.3 RAMMASKIPULAG FYRIR SUÐVESTURLAND

1.3.1 Greining svæðisins með glærukortagerð

1.3.2 Tillaga um stofnbrautakerfi

1.3.3 Strandvæði sem tapast – Græn svæði sem verða stærri og betri

1.3.4 Tillaga um rammaskipulag fyrir Suðvesturland

1.3.5 Prihyrningur verði grunnform byggðarinnar á Suðvesturlandi

1.3 RAMMASKIPULAG FYRIR SUÐVESTURLAND (6 síður)

Framlag TV um skipulag á SV-landi er að finna í þremur bóka hans:

„Land sem auðlind - Um mótun byggðamynsturs...“ 1993. Mestöll bókin.

Bókina má lesa á: https://notendur.hi.is/tv/Content/Books/Land_sem_audlind.pdf

Bókin sem hljóðbók er á: <https://notendur.hi.is/.../Audiobooks/LandSemAudlind.mp3>

„Skipulag byggðar á Íslandi“ 2002, bls. 416-425.

Pdf-bók: <https://notendur.hi.is/.../Books/Skipulag%20byggdar.pdf> Hljóðbók er á Storytel í lestri Péturs Eggerz.

„Mótun framtíðar“ 2015, bls. 132-134.

Pdf-bók: <https://notendur.hi.is/tv/Content/Books/Book.pdf> Hljóðbók er á Storytel í lestri Jóhanns Sigurðarsonar og hjá Hljóðbókasafninu í lestri TV.

Ég hafði töluvert unnið að mótun framtíðarsýnar fyrir ferðapjónustuna. Hafði ég í þeirri vinnu séð, að landauðlindirnar yrðu meginundirstaða í skipulagi á landsbyggðinni. Lét ég nú næsta skipulagsseminar mitt í HÍ snúast um að greina landauðlindirnar á SV-landi. Grunnvinnan fólst í GERÐ GLÆRUKORTA, sem kortlögðu bestu svæði FYRIR ÝMISLEGT SEM ER MIKILVÆGT ER FYRIR FERÐAÞJÓNUSTU, eða þá; miður heppilegt. (Sjá næsta kafla). Samlagning glæranna sýndi frumdrætti í byggðamynstri framtíðar á SV-landi.

Byggðaaáætlanir höfðu lent í nokkrum vanda og tókum við Jónas Egilsson hjá SSH að móta hugmyndir um hvernig hægt væri að líta á SV-land sem eitt byggða- og skipulagssvæði. Það, hvernig fyrstu skrefin að því verki voru ákveðin, er lýst í Mótun framtíðar: „... nú var stefnt á að forma fyrirmynd þess hvernig búa ætti til nútímalega byggðaaætlun fyrir landshluta – í þessu tilfalli SV-land – og skyldi lokaútkoman vera RAMMASKIPULAG FYRIR ÞENNAN LANDSHLUTA. Jónas Egilsson og ég bjuggum til hugmyndina að þessu verkefni, en hann var þá framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)...

Höfðum við samband við hin sveitarfélagasamtökin á SV-landi, þ.e. samtökin fyrir Vesturland, Suðurland og Reykjanes. Samþykktu þau að vera með og settu framkvæmdastjóra sína í vinnuhóp með okkur. Kom í ljós að það var MJÖG GÓÐ HUGMYND AÐ LÍTA Á ALLT SV-LAND SEM EINA HEILD, og varð samvinna okkar í þessum anda, mjög árangursrík...

Við settum okkur í samband við Davíð Oddsson, sem þá var ráðherra byggðamála, ásamt því að hafa forystu í ríkisstjórn. Var ákveðin mikil RÁÐSTEFNA Á ÞINGVÖLLUM við útkomu bókarinnar þar sem við Davíð héldum fyrstu erindin.“ (MótFramt. Bls. 134).


Næstu kaflar sýna þætti í þessari vinnu, og skipulagshugmyndir byggðar á vinnunni.

1.3.1 Greining svæðisins með glærukortagerð

Glæruaðferðin byggist á AÐ GERA GLÆRU- EÐA KORTASETT FYRIR SKIPULAG fyrir tiltekna þætt á tilteknu svæði. Í því verkefni sem hér er lýst, snerist þetta um kortlagningu á land- og menningarauðlindum fyrir ferðaþjónustu á SV-landi. Stúdentar mínir við HÍ unnu með mér að þessari kortagerð. – Síðar í vinnunni gerði ég tillögu um rammaskipulag fyrir SV-land, byggt, m.a., á þessari glærukortagerð.




MYND 1.3.1 A) Áhugasvæði í ferðum



MYND 1.3.1 B) Fögur svæði

1.3.2 Tillaga um stofnbrautakerfi

Ein aðal hugmyndin í vinnunni að rammakipulaginu, var AÐ BYGGÐAEININGAR SV- LANDS ÞYRFTU AÐ TENGAST MEÐ VEGUM, til að verða eitt samtengt byggðakerfi, með hbsv í miðjunni.



MYND 1.3.2 - Tillaga TV um bætt stofnvegakerfi

Byggðasvæðin sem liggja að hbsv eru þrjú: Reykjanes, Vesturland og Suðurland. Hinar beinu vegatengingar hbsv við þau, voru þegar í allgóðu lagi. Það stakk mig hinsvegar mjög, að vegtenginguna á milli Reykjanes og Suðurlands... meðfram suðurströndinni, vantaði alveg.

Kom ég því með TILLÖGU UM SUÐURSTRANDARVEG og studdi hana með fjórum jákvæðum skipulagsmarkmiðum: 1) Að búa til hringleið ferðamennsku um Reykjanesið, 2) Auðvelda atvinnusamskipti, t.d. Þ-hafnar og G-víkur er varðar fiskmarkaði, 3) Hægt yrði að fara beint frá flugvelli til S-lands (og til baka) og 4) Sköpun varaleiðar út á flugvöll, ef Reykjanesbraut lokaðist af hraunflóði.

Með því að ELDVIRKNI HÓFST AÐ NÝJU á Reykjanesi vorið 2021, eftir 800 ára hlé, sem vitað var að tæki brátt enda, er möguleiki á að hraunflóð loki Reykjanesbraut... og í því tilfelli, væri enginn möguleiki að komast út á Völl, ef SUÐURSTRANDARVEGURINN væri ekki kominn! Þetta er dæmi um jákvæðni þess að setja fram skipulagshugmyndir, sem leysa okkur úr vanda, sem engin ráð eru til við, EF EKKI ER HUGSAÐ AF FYRIRHYGGJU um framtíðina.


Hvað varðar tengingu V-lands og S-lands, beinustu leið, þá lá slóði svokallaða UXAHRYGGJALEIÐ, sem liggur frá Þingvöllum, um syðri hluta Kaldadals, og niður í Lundareykjadal. Þessi slóði var á þessum tíma, tæpast fær nema á jeppum. Rökstuddi ég í bókinni (L auðlind, 1993) mikilvægi þess að þarna yrði lagður góðvegur til að tengja S- og V-land, ekki síst vegna þess að ferðaþjónustan gæti orðið mikilvæg atvinnugrein í framtíðinni. ÞESSI VEGUR KOM 2018, er malbikaður og opnaði stórkostlega nýja möguleika.

Vegna netmöskvareglna í skipulagi vegakerfa, kom ég einnig með HUGMYND AÐ LEGGJABRJÓTSVEGI (græn lína á kortinu), sem lægi frá Akranesi, inn Hvalfjörðinn og þaðan um Brynjudal - nokkuð bratta leið - upp á Þingvöll. Allir þessir vegi þýða MIKLAR VEGALENGDASTYTTINGAR á milli mikilvægra staða og svæða.

1.3.3 Strandsvæði sem tapast – Græn svæði sem verða stærri og betri

Í vinnunni að rammaskipulaginu 1993, bjó ég til kort sem sýndi áhrif hnattrænnar hlýnunar á SV-land, þ.e....: ég sýni strandsvæði sem tapast ef sjávarstaða hækkar um 1 m á öldinni... og líka vegna aukins sjávarrofs - sem leiðir af hækkuninni - á svæðum sem ekki eru vörð af bergi. Land, sem líklegt er að TAPIST vegna þessa, á SV-landi, er sýnt rauðleit (bleikt).

Jafnframt sýnir kortið með grænum lit, þau SVÆÐI SEM VERÐA BETRI OG STÆRRI; Stærri vegna þess að gróðurlínan færast ofar, og betri vegna þess að gróðurinn styrkist með hækkandi hitastigi. Spáði ég því að Ísland YRÐI MJÖG GOTT LANDBÚNAÐARLAND í framtíðinni! (MótFramt. Bls. 78).



MYND 1.3.3 - Strandsvæði sem tapast (bleikt) – Græn svæði sem batna (grænt).

Þetta var FYRSTA KORTIÐ sem gert var á Íslandi til AÐ META ÁHRIF HATTRÆNNAR HLÝNUNAR á svæði sem á að fara að skipuleggja, og var það birt í Land sem auðlind 1993. (Myndin hérna er úr MótFramt, bls. 78). Þó augljóst ætti að vera, að kort af þessari gerð, ætti að gera sem grunnkort við alla skipulagsvinnu, virðist nú, 2021 (um 30 árum seinna), að ekki sé enn farið að gera svona matskort í undirbúningi fyrir skipulag á Íslandi.

1.3.4 Tillaga um rammaskipulag fyrir Suðvesturland

Skipulag á Íslandi náði lengi aðeins til þéttbýlisstaða. Um 1990 hófu menn að gera svæðisskipulög, en þau náðu í upphafi til lítilla svæða, eins og t.d. Flóans og Suðurnesja.

Augljós þörf var á því AÐ GERA SKIPULÖG FYRIR STÆRRI SVÆÐI, HELST LANDSHLUTA, þar sem oftast eru atriði, eins og t.d. stofnvegakerfi, sem verður að skoðast og skipuleggjast útfrá heild svæðisins. Einna augljósust var þörfin á þessu á SV-landi, því þar býr lang mestur hluti þjóðarinnar.

Hóf ég því undirbúning að slíku rammaskipulagi fyrir SV-land 1992. Fékk ég Jónas Egilsson, framkv.stj. SSH í lið mér. Honum tókst að fá hin landshlutasamtökin á svæðinu til að koma í vinnuhóp um verkefnið. Það hjálpaði að Davíð Oddsson fors.ráðh. studdi við málið. Vinnuafli fékkst með því að ég gerði þetta líka að verkefni í skipulagsnámskeiði mínu í HÍ. Bók með verkefninu kom út, undir nafninu „LAND SEM AUÐLIND“ í september 1993, á fundi á Þingvöllum með sama nafni. Við Davíð höldum fyrstu erindin.



MYND 1.3.4 - Tillaga um rammaskipulag fyrir Suðvesturland.

Kortið sýnir hugmynd að FRAMTÍÐARSKIPULAGI SUÐVESTURLANDS. Grænt táknar kerfi opinna svæða, brúnt sumarbústaðasvæði, grátt sem er viðbótarsvæði við þéttbýli og loks þverstríkun; útivistarsvæði, þar sem gulur hringur er útivistarmiðstöð. Stafirnir innan hringjanna eru upphafsstafir nafns viðkomandi útivistarmiðstöðvar; B= Bláa lónið, K= Krýsuvík, osfrv. Hugsunin með þessu framtaki var, að hér væri komin fyrirmynd fyrir gerð rammaskipulags, sem aðrir landshlutar gætu nýtt sér. Af því hefur þó ekki orðið, ef frá er talið Svæðisskipulag miðhálandisins 1997, sem er þó af annarri gerð.


1.3.5 Tillaga TV um byggðakerfi fyrir SV land: ÞRÍHYRNINGUR

Staða Reykjavíkur einkenndist löngum af einangrun hennar á litlu svæði við innanverðan Faxaflóa. Til norðurs voru Kollafjörður og Hvalfjörður miklir farartálmar, til austur voru víðfemar heiðar, sem voru nær ófærar á vetrarhelmingi árs og í suðri voru úfin hraun Reykjanesskagans, nær ófær að sumri sem vetri. REYKJAVÍK BJÓ ÞVÍ VIÐ MIKLA EINANGRUN hvað landleiðir varðar. Það var því aðeins út á sjóinn, til vesturs, sem Reykjavík opnaðist.

Lengst af í Íslandssögunni skipti þessi land-einangrun ekki miklu máli, því nær allir flutningar fóru fram á sjó... og bátarnir og skipin voru tvennt í senn; tækin til að sækja lífsbjörgina, fiskinn, og svo hentug tæki til flutninga fólks og vöru, jafnvel þungaflutninga, en bátar henta vel fyrir slíka flutninga.

Smám saman opnuðust leiðirnar í norður, austur og suður með samgöngubótum. ÞEGAR ÉG SETTI FRAM HUGMYNDINA UM BYGGÐAKERFI ÞRÍHYRNINGIS Á SV-LANDI fram 1993, voru göngin undir Hvalfjörðinn ekki komin, og því nær ómögulegt að tala um byggðakerfi í þá áttina, hið minnsta. Og tengslin austur og suður, „héngu á einum spotta“.

Hin stórkostlega Suðurströnd og mestur hluti Reykjaness, voru nær óaðgengileg, sem og svæðin upp af Hvalfirði. NÝJAR VEGATENGINGAR VORU ÞVÍ NAUDSYNLEGAR, til að íbúarnir gætu farið að njóta þessara svæða, og nýta að nýta þau fyrir ferðaþjónustuna, sem var að byrja að mótast.



MYND 1.3.5 – Byggðakerfið: Hbsv í miðju og 3 dreifbýlisborgir í jafnri fjarlægð.

Árið 1993 var enn langur tími til þess að geta farið að tala um byggðakerfi á SV-landi. ÉG TALDI ÞÓ RÉTT AÐ SETJA SÝNINA FRAM, því allar einingar svæðisins mundu geta haft mikinn ávinning af tengslum og samvinnu... og til að geta byrjað að mjaka málum þar í rétta átt... því á meðan sýnin og ávinningurinn er ekki ljós, er viljinn daufur, og lítið gerist.

Ég tel að þessi skýra mynd; ÞRÍHYRNINGURINN, og fegurðin og reglan í þessu mynstri, hafi haft veruleg áhrif á það, að LANDSHLUTASAMTÖKIN FJÖGUR Á SV-LANDI, voru viljug að koma til samstarfs um að líta á allt SV-land sem eitt skipulagssvæði, með marga sameiginlega hagsmuni. Voru þetta töluverð pólitísk tíðindi, því áður stóð hbsv altaf eitt á móti landsbyggðinni... og V-land, S-land og Reykjaness voru séð sem hluti af landsbyggðinni.

Það virtist því að með þessu væri verið AÐ REKA FLEYG Í SAMSTÖÐU LANSDBYGGÐARINNAR gagnvart Reykjavíkurlöndunum. Það jók á titringinn að Davíð forsætisráðherra, sem þá var líka byggðamálaráðherra, var með í málinu.

Mér nýttist þríhyrningsmyndin vel, til að útskýra hve mikilvægt væri að fá góða vegi með útjöðrum þríhyrningsins, og til að sýna HVE MARGAR NÝJAR HRINGLEIÐIR YRÐU TIL með því.